

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2023
Tilvísun: OS2023100032
Skjalanr: 404144

Efni: Matsskyldufyrirspurn vegna 6,7 MW Gilsárvirkjunar á Héraði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 5. október 2023, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að áform Orkusölnunnar ehf. um 6,7 MW Gilsárvirkjun á Héraði, í Eiðáþinghá í Múlþingi, skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og 9. gr. reglugerðar, nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Þá er miðlun vatns háð leyfi stofnunarinnar með vísan til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Sömuleiðis er stíflun vatns og veiting þess úr farvegi háð leyfi Orkustofnunar með vísan til 7. gr. laganna. Ef slíkar framkvæmdir eru liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skulu, sbr. 68. gr. vatnalaga, umrædd leyfi talin hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Fyrirhugað er að stífla Gilsá í um 360 m hæð og mynda með því 1,6 ha inntakslón með tæplega 0,05 Gl dægurmiðlunargetu. Miðað er við að veita allt að 3,0 m³/s rennsli um ríflega 6 km langa pípu, 1,2-1,3 m að þvermáli, að stöðvarhúsi sem reist verði í gili árinna í um 84 m.y.s. Þá er áformað að veita tveimur ám, Innri- og Ytri Lambadalsám í pípulögn, annars vegar með 280 m og hins vegar 580 m safnlögnum. Áformað afl virkjunar er 6,7 MW.

Framsett gögn í tilkynningu framkvæmdaraðila sýna glögglega mikilvægi rennismælinga sem ná yfir fleiri ár við undirbúning fyrir vatnsorkuver. Þar má fá upplýsingar um hámarksrennsli og meðalrennsli, og – ekki síður mikilvægt – rennsli í lélegum vatnsárum. Orkustofnunar vekur, í því sambandi, athygli á rennsli árið 2019 þar sem einungis á stuttum tíma frá maí og fram í júní er rennsli yfir virkjuðu rennsli og því mun svo að segja allt vatn sem rennur um inntaksmannvirki fara um lagnir til stöðvarhúss en mikið skert rennsli um farveg frá stíflu að stöðvarhúsi.

Orkustofnun kemur á framfæri eftirfarandi ábendingum um atriði sem stofnunin telur að mætti gera betur grein fyrir í framlögðum gögnum. Stofnunin tekur fram tilgreindar athugasemdir miða við atriði sem þurfa að liggja fyrir þegar sótt verður um virkjunarleyfi fyrir virkjuninni, ef af verður.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um mismun á rennsli við stíflu og stöðvarhús, sem gæfi upplýsingar um magn vatns sem rennur í farveginn neðan stíflu. Rennsli í farvegi, jafnvel þótt ófiskgengur sé, getur



staðið undir lífríki árinna sem aftur getur stýrt lífvænleika árinna á fiskgengum hluta hennar. Orkustofnun hefur í umsóknarferli fyrir virkjunarleyfi kallað eftir mati á innrennsli í farveg neðan stíflu í því skyni að upplýst verði um lífvænleika vatnalífríkis, einkum á þurrum sumrum.

Tilgreint er að lón verði með dægurmiðlunargetu. Orkustofnun bendir á að í umsókn um virkjunarleyfi, ef af verður, ber að upplýsa um flatarmál og rúmtak miðlunarlóns í hástöðu og nýtanlegri lágstöðu.

Tilgreint er að botnrás verði nýtt til að losa aurburð í vorflóðum. Hugsanlegt er að við slíka lækkun myndist álar í botnset lóns en efni muni hlaðast upp þar utan við. Telur stofnunin að lýsa þurfi betur áætlaðri framkvæmd, þ.m.t. hvert sé áætlað umfang sets, hvort áætlað sé að losa um set utan ála ef þeir myndast og um flutningsgetu árinna á setinu.

Orkustofnun bendir á að tilvísuð grein úr náttúruverndarlögum á bls. 27 er í 62. gr. laganna, ekki 56. gr. eins og tilgreint er.

Skv. lýsingu verður stöðvarhús virkjunarinnar undir háum bakka í árgili Gilsár. Ekki kemur fram í gögnum hvort metin hafi verið áhætta fyrir stöðvarhús af aftakaflóði niður Gilsá, t.d. við asahláku.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlögð gögn. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkustofnunar

Kristján Geirsson
sviðsstjóri
Sjálfbær auðlindanýting
Rafræn undirskrift hér að neðan



Efni: Gilsárvirkjun, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, 5. október sl., þar sem ofangreint erindi er sent Múlaþingi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í umsögninni skal koma fram hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þarf að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Inngangur

Framkvæmdin sem um ræðir er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 6.100 m langrar aðrennslispípu og safnlagna. Áætluð efnispörf er 60.000 m³. Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Samantekt með hliðsjón af 2. viðauka.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint í Aðalskipulagi Fljótssdalshéraðs 2008-2028 sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði. Ekkert deiliskipulag er í gildi.

Framkvæmdaraðili hefur óskað eftir breytingu á gildandi aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags vegna áformanna. Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkti á fundi 6. nóvember 2023 að vísa því til sveitarstjórnar að skipulags- og matslýsing verði kynnt í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn mun taka málið til afgreiðslu þann 15. nóvember nk.

Fyrirliggjandi skýrsla framkvæmdaraðila segir:

„EKKI gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á núverandi landnotkun og ekki talið að framkvæmd hafi áhrif á magn, gæði og getu til endurnýjunar náttúruauðlindar. Engin verndarsvæði eru innan áhrifasvæðis virkjunarinnar. Áhrif sem hljóta af framkvæmdinni eru að mestu leyti staðbundin og afturkræf. Helstu áhrifin eru á framkvæmdasvæðinu sjálfu og rasksvæði í næsta nágrenni. Með góðum frágangi er hægt að takmarka áhrif á ásynnd og gróðurfar. Staðsetning virkjunar kemur í veg fyrir neikvæð áhrif á fiskgengd. Áhrif á jarðmyndanir, fuglalíf, fornminjar og landslag eru óveruleg.“

Mótvægisáðgerðir og vöktun

Leitast hefur verið við að lágmarka áhrif á veiði- og vatnalíf Gilsár með því að staðsetja stöðvarhús ofan við Nykurfoss í stað þess að hafa hann neðan við fossinn sem myndi hámarka raforkuframléiðslu virkjunarinnar. Jafnframt er talið að sú staðsetning dragi úr neikvæðum ásynndaráhrifum.

EKKI er gert ráð fyrir vöktun á neinum áhrifaþáttum í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd.

Niðurstaða

Umfjöllun um fyrirhuguð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar er að mestu fullnægjandi en bent er á eftirfarandi atriði til frekari skoðunar.

Staðsetning stöðvarhúss er staðsett ofan við Nykurfoss m.a. til þess að draga úr neikvæðum ásynndaráhrifum. Æskilegt væri að frekari greining á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar liggi



fyrir til þess að hægt sé að meta þennan þátt. Hvaðan má vænta þess að sjónrænna áhrifa kunni að gæta? Verður framkvæmdin ekki sýnileg neinum nema fuglinum fljúgandi?

Tekið er undir með Umhverfisstofnun um að betur verði fjallað um votlendið í tillöggunni og hvaða leiðir verði farnar til að forðast eða lágmarka rask sem og mögulegar mótvægisáðgerðir.

Heimastjórn tekur undir það sem fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað varðar mikilvægi frekari rannsókna á lífríki Gilsár, bæði botndýra- og fuglalíf. Eins að sett verði upp vöktunaráætlun vegna mögulegs gróðurs- og jarðvegsrofs við inntakslónið.

Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Meðfylgjandi umsögn var samþykkt á 40. fundi heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem haldinn var þann 8. nóvember 2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Múlaþings

Sóley Valdimarsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála

Skipulagsstofnun
Bt Þórdísi Stelli Erlingsdóttur
Borgartúni 5b
105 Reykjavík

Dags. 7. nóvember 2023
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2023-0229

Með erindi dags. 5. október sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um framkvæmd sem er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun í Gilsá í Eiðþinghá sem virkjar 3,0 m³ /s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og um 6 km langrar aðrennslispípu með tveimur hliðarinntökum.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Framkvæmdasvæðið er fjarri bröttum fjallshlíðum og er því ekki í hættu vegna snjóflóða/skriða frá háum eða stórum upptakasvæðum. Neðan við ármót ytri Lambadals rennur Gilsá í djúpum farvegi og er bæði upptakahalli snjóflóða og greinileg ummerki um skriður þar í bökkum gilsins. Því geta snjóflóð og skriður fallið þar í ána en ekki er fyrirhugað að reisa mannvirki í þeim hluta farvegarins.

Þó ekki sé hægt að segja að hætta sé á stórslysum og/eða náttúruhamförum, líkt og getið er í 2. viðauka í lögunum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, er mikilvægt að hugað sé að áhættu vegna mannvirkjaflóða í skipulagsferlinu. Bæirnir Ormstaðir og Gilsárteigur standa báðir nærri farvegi árinna skammt framan megingils hennar. Þeir gætu því báðir verið í hættu, verði flóð af völdum rofs á áætlaðri stíflu. Nauðsynlegt er að gengið sé úr skugga um að hönnun stíflumannvirkja dugi með tilliti til ásættanlegra öryggismarkna hvað varðar flóðaáhættu á svæðinu neðan framkvæmdanna.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Djúpivogur, 7. nóvember 2023
MÍ202310-0017/ 6.07 / Þ.E.H.

Efni: Gilsárvirkjun, Múlaping - ákvörðun um matsskyldu

Minjastofnun Íslands hefur móttengið umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um ákvörðun um matsskyldu vegna Gilsárvirkjunar í Múlapingi (mál nr. 690/2023). Hægt var að hlaða niður kynningarskýrslunni (dags. 22.09.2023).

Áformað er að koma upp virkjun í Gilsá á Héraði. Svæðið verður virkjað frá 361 m.y.s. í Gilsárdal að stöðvarhúsi í 84 m.y.s. rétt ofan Nykurfossa ofan Ormsstaða og Gilsárteigs I og II. Reist verður lág inntaksstífla um 1,2km ofan ármóta Innri-Lambadalsár og Gilsár, áformuð yfirfallshæð er 361 m.y.s. Gert er ráð fyrir rennslisvirkjun með dægurmiðlunarmöguleika þar sem umframrennsli yrði safnað á nóttinni í dægurmiðlunarlon og nýtt til orkuframleiðslu yfir daginn á álagstíma. Hliðarinntak verður í Innri-Lambadalsá, þaðan verður lögð 280m löng safnlögn að þrýstipípu. Einnig verður hliðarinntak í Ytri-Lambadalsá með um 580m langri safnlögn. Stöðvarhús verður á norðurbakka Gilsár í gili skammt ofan við Nykurfossa. Húsið verður niðri í gilinu undir háum bakka og því lítt sýnilegt.

Aðkoma að svæðinu er um Gilsárteigsveg og heimreið að Gilsárteigi I og II. Gerður verður nýr vegur að stöðvarhúsi að inntaksstíflu. Vegurinn verður að mestu í núverandi slóða sem verður styrktur en slóðinn er slæmur og fáfarinn. Einnig þarf að gera nýjan slóða að hliðarinntökum. Slóðin verður að jafnaði um 6m breiður en gert er ráð fyrir að ekið verði út 50cm þykku burðarlagi en vegurinn verður ekki byggður upp að öðru leyti.

Efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er aðallega vegna vegagerðar að inntaki, í jarðvegshluta stíflu og efni meðfram þrýstipípu í skurði. Gert er ráð fyrir að efni verði að mestu tekið út nýjum námum á og nærri virkjunarsvæðinu. Reiknað er með að hafa færanlegan vinnuskúr á svæðinu með kaffistofu og snyrtingu og því ekki gert ráð fyrir vinnubúðum á svæðinu.

Þuríður Elísa
Harðardóttir
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Í kafla 2.8 er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð. Þar kemur fram að ef hrófla þarf við fornleifum þurfi samþykki Minjastofnun Íslands fyrir því að liggja fyrir.

Í kafla 6.7 er fjallað um fornminjar. Þar kemur fram að búið sé að kanna fornleifar á framkvæmdarsvæðinu. Alls voru skráðar 10 minjar. Samkvæmt greinargerðinni eru tvær fornleifar í hættu en um sé að ræða hluta af gamalli leið upp Gilsárdal, bæði ræsi og hleðslu. Vegur upp dalinn mun að miklu leyti fylgja núverandi vegslóða og þar með gömlu leiðinni. Tekið er fram að við endurbætur og styrking á vegslóðanum verður gætt að því að raska ekki ræsinu eða hleðslunni. Aðrar minjar eru fjær framkvæmdarsvæðinu og eru ekki taldar í hættu. Áhrif á fornminjar eru metin óveruleg.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Eins og kemur fram í greinargerðinni þá vann Sagnabrunnur fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda árið 2022 og birtust niðurstöður þeirrar skráningar í skýrslu; *Fornleifaskráning vegna virkjunarframkvæmda hjá Gilsá, Eiðapinghá, Múlaþingi*. Samkvæmt þeirri skráningu voru tíu fornleifar skráðar í nálægð við fyrirhugað framkvæmdarsvæði og af þeim teljast tvær í hættu.

Vel er gerð grein fyrir fornleifum og niðurstöðum ofangreindrar fornleifaskráningar í greinargerð framkvæmdanna. Hinsvegar er úttektarsvæði fornleifa vegna framkvæmdanna lítið og ljóst er við yfirferð málsins að breytingar hafa verið gerðar á fyrirhuguðum framkvæmdum eftir að fornleifaskráningu svæðisins lauk. Til að mynda nær ofangreind fornleifaskráning ekki yfir nýtt stíflulón, nýja staðsetningu stöðvarhúss og þar með nýjum vegi og staðsetningu þrýstipípu. Auk þess liggur ekki fyrir fornleifaskráning fyrir öll efnistökusvæðin eins og þau eru afmörkuð í viðauka greinargerðarinnar.

Í áformunum er tekið fram að hægt sé að hlífa fornleifum við raski og því séu áhrif á fornleifar metin óveruleg. Rétt er að vekja athygli á því að gamli slóðinn sem liggur upp dalinn og fyrirhugað er að byggja upp þar sem hann fylgir þrýstipípunni telst til fornleifa samkvæmt fyrirbyggjandi fornleifaskráningu, forn leið (2788-10). Leyfi Minjastofnunar Íslands þarf því til að raska honum sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Áhrif framkvæmdanna á skráðar minjar eru því neikvæð en einnig eru áhrifin óviss þar sem skráning fornleifa liggur ekki fyrir á öllu svæðinu. Mikilvægt er að taka fullt tillit til fornleifa og merkja þær á vettvangi með greinilegum hætti sem og að afstaða og staðsetning þeirra komi fram með skýrum hætti á uppdráttum.

Mikilvægt er að fyrir liggja upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði virkjunarinnar. Aðeins þá er hægt að meta áhrif framkvæmda innan svæðisins á fornleifar og laga mannvirki

virksjunarinnar að þeim. Minjastofnun Íslands telur af þeim sökum, þar sem ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir allt framkvæmdarsvæði fyrirhugaðra virksjunaráforma, að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig minnir stofnunin á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Þórdís Stella Erlingsdóttir (thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2023
UST202310-074/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn- Gilsárvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Í greinargerð kemur fram að Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðabínghá í Múlþingi. Framkvæmdin, sem um ræðir, er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar 3,0 m³ /s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu (mest um 12 m há og 160 m löng) og stöðvarhúss (150 m² að stærð) og allt að 10 m hátt, lagningu slóða (6,5 km) og 6.100 m langrar aðrennslisþípu og safnlagna. Áætluð efnisþörf er 60.000 m³. Inntakslón verður um 1,6 ha. Lónið mun að meirihluta takmarkast við núverandi árfarveg og ná yfir um 0,7 ha. af grónu landi.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að samfelld votlendi yfir 2 ha. nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Auk þess segir að á neðri hluta svæðisins fer pípuleiðin um jaðar votlendissvæðis á gilbrúninni en verður að mestu í mel, en þó þarf að fara í gegnum votlendi á nokkrum stöðum þar sem vatn rennur niður í gilið. Skerðing á votlendi verður takmörkuð, vegurinn fylgir núverandi slóða að mestu og pípan mun einfaldlega liggja í vatnsmettuðum jarðvegi. Einnig segir að vatnsborð votlendisins lækkar ekki og því ekki aukið aðgengi súrefnis að súrefnissnaudu umhverfi. Hvorki er því um skerðingu á votlendi að ræða né losun á CO vegna þurrkunar á jarðvegi.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er votlendi á svæðinu sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Kortin eru í kvarðanum 1:25.000.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun getur tekið undir að á jaðri svæðisins getur verið þurrt svæði, en þess bera að geta að kortasjá NÍ er í kvarðanum 1:25.000. Umhverfisstofnun telur að við gerð skurða geti svæðið drenast og valdið raski á votlendi. Því telur Umhverfisstofnun, vegna nálægðar við votlendi, óljóst hvort votlendi verði raskað

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig þarf að koma fram, ef tillagan gerir ráð fyrir raski á votlendi, hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á því.

Framkvæmdaleyfi vegna röskunar á votlendi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Bakkagróður

Í greinargerð segir að bakkagróður njóti sérstakrar verndar skv. 56. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Fossar

Umhverfisstofnun bendir á líkt og kemur fram í greinargerð (bls. 36) að fossarnir á framkvæmdasvæðinu njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin muni raska rennsli um fossa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruvernalögum.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á fossum sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin geri ráð fyrir röskun á fossum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig þarf að koma fram, ef endanleg framkvæmd gerir ráð fyrir raski á fossum, hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim.

Efnistaka

Í greinargerð segir að gert sé ráð fyrir að heildarefnispörf við virkjunarframkvæmdirnar, umfram það efni sem fæst úr skurðum og skeringum, verði um 60.000 m³ og er það fyrst og fremst efni í jarðvegsstíflu, umhverfis pípu, í grunn stöðvarhúss og í vegagerð. Efnistakan er fyrirhuguð úr nýjum námum á framkvæmdasvæðinu. Að efnistöku lokinni verða námusvæðin sléttuð og mótuð og yfirborð þeirra lagað að aðliggjandi landi. Fyrirhuguð ný efnistökusvæði eru sýnd á mynd. Ekki kemur fram að eiginleg jarðvegskönnun hafi farið fram. Umhverfisstofnun bendir á að óathuguðu máli er erfitt að segja til um efnisgæði, sérstaklega í skeringum þar sem oft er óvissa um efnisgæði. Varðandi frágang ætti ekki að leggja áherslu á að slétta röskuð svæði heldur móta þau þannig að yfirborð og lögun sé í sem mestu samræmi við óraskað land. Hafa þarf í huga að ef land er „of“ slétt getur það gert gróðri erfitt að festa rætur á viðkomandi svæði.

Einnig bendir stofnunin á að það þarf að huga að því að ekki er gott malarefni á lausu í nágrenninu.

Vatnamál

Vatnshlotin, sem eru innan framkvæmdasvæðisins, eru Gilsá 2 (102-1225-R) og Gilsá 1 (102 - 1109-R). Umhverfismarkmið þessara vatnshlota er að vera í a.m.k. mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi (<https://vatnavefsja.vedur.is/>).

Gera þarf mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlotin nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Verði niðurstöður slíks mats til þess að umhverfismarkmið nást ekki, getur framkvæmdaraðili sótt um heimild til Umhverfisstofnunar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála um breytingu á umhverfismarkmiðum fyrir vatnshlotin.

Þörf er á ítarlegra áhrifamati á vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála til að leyfisveitendur geti metið áhrif á það skv. lögum. Umhverfisstofnun hvetur framkvæmdaraðila að hafa samband við stofnunina varðandi frekari leiðbeiningar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á umfjöllun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli 3/2023 Hvammsvirkjun frá 15. júní 2023¹ um þetta ákvæði þar sem m.a. er bent á skyldur samkvæmt lögum um stjórn vatnamála vegna mögulegra breytinga á vatnshlotum vegna nýrra framkvæmda og virkjanaleyfi var fellt úr gildi. Að auki var framkvæmdarleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna Hvammsvirkjunar fellt úr gildi (mál 74/2023).

Framkvæmdaraðili þarf að sækja um starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austfjarða sem og virkjanaleyfi Orkustofnunar. Í því samhengi er bent á að í 3. mgr. 28. gr. nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir:

„Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Niðurrif - Valkostagreining

Í greinargerð segir að framkvæmdin sé að mestu afturkræf og á bls. 36 segir að áhrifin séu auk þess algjörlega afturkræf. Ef vilji er fyrir því í framtíðinni er hægt að stöðva virkjunina og þá mun vatn renna um farveginn líkt og áður.

Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir það að áhrifin séu alveg afturkræf ef framkvæmdin veldur óafturkræfu raski vegna sprenginga á grjóti og raski á árfarvegi.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um umhverfisáhrif ef ákveðið er að stöðva virkjunina og hvernig sú stöðvun hafi áhrif á þá umhverfisþætti sem eru til umfjöllunar. Auk þess þarf að fjalla um hvort gera má ráð fyrir að virkjunin verði rifin og hvernig meðhöndlun úrgangs verði háttað.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur

¹ <https://uua.is/urleits/3-2023-hvammsvirkjun/>



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0013
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu Gilsárvirkjunar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 5. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar Orkusölnunnar ehf. á Gilsárvirkjun í Múlaþingi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um tilkynnta framkvæmd og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Framkvæmdinni eru gerð ítarleg skil í greinargerð með tilkynningunni. Áformuð Gilsárvirkjun er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun í Gilsárdal í Múlaþingi. Framkvæmdin mun valda raski og skerða rennsli í Gilsá á um 6 km löngu svæði.

Umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er líst á greinargóðan hátt og byggjast að mestu á nokkuð ítarlegum upplýsingum, þó með undantekningum.

Mat á gróðurfari svæðisins byggist á upplýsingum úr vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og þekju um votlendi sem fellur undir sérstaka verndun 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þess ber að geta að skekkja getur verið í vistgerðakortinu þegar það er notað á svo nákvæmum skala, og því er líklegt að mat á hlutfalli vistgerða af mismunandi verndargildi sem raskast við framkvæmdina sé ekki alveg nákvæmt. Þó bendir allt til þess að það sé rétt metið að rask á vistgerðum með hátt verndargildi verður takmarkað þ.m.t. skerðing á votlendi við lagningu niður grafinnar aðrennslisþípu. Ekki hefur verið kannað hvort sjaldgæfar plöntutegundir finnast á framkvæmdasvæðinu.

Mikilvægt er að við framkvæmd sé lágmarkað allt rask utan skilgreinds framkvæmdasvæðis enda víðáttumikil votlendissvæði meðfram allstórum hluta þípuleiðarinnar. Þá er mikilvægt að vakta mögulegt gróður- og jarðvegsrof við inntakslónið en rask á gróðurfari vegna lönsins sjálfs verður vissulega takmarkað enda bakkar árinna þar lítt grónir.

Áhrifin verða mest á Gilsá sjálfa þar sem rennsli hennar verður skert. Sú skerðing mun hafa áhrif á lífríki í og við ána, sem og á ásýnd árinna og jarðminjar í farvegi hennar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að meta betur fuglalíf svæðisins og er ein athugun ekki nægjanleg. Sérstaklega þarf að athuga betur hvort þéttleiki straumanda við Gilsá sé ekki meiri en athugunin í lok júní 2022 gaf til kynna. Ljóst er að straumönd er sú fuglategund sem mest myndi finna fyrir áhrifum af breytingum á rennsli Gilsár, og er um stórt svæði að ræða þar sem rennslisbreytingar og annað rask á árfarvegi verða. Eins og fram kemur í greinargerðinni er straumönd ábyrgðartegund Íslands og ekki eru hendi nægilega heildstæðar upplýsingar um útbreiðslu hennar á varptíma hér á landi, og ljóst að smávirkjanir í fallvötnum geta verið



töluverð ógn fyrir búsvæði hennar. Mjög mikilvægt er því að kanna betur hver raunverulegur þéttleiki straumanda við Gilsá er.

Áhrif virkjunarinnar á annað lífríki í Gilsá er einnig líklegt til að hafa áhrif á straumendur, svo sem áhrif á botndýralíf. Ekki liggja fyrir athuganir á botndýrabéttleika og samsetningu í Gilsá og því lítið vitað um hversu mikil áhrif rennslisbreytinga á það lífríki geta orðið. Æskilegt væri að vakta þau áhrif. Það skiptir einnig máli fyrir afkomu laxfiska neðar í farveg árinna. Fram kemur að sá hluti árinna sem verður fyrir mestu áhrifum sé lítt frjósamur en ekki liggja fyrir upplýsingar um botndýralífrikið þar. Búsvæði laxfiska verða fyrir litlum beinum áhrifum þar sem þau eru staðsett neðan við stöðvarhúsið þar sem það verður staðsett ofan við Nykurfossa.

Rask á jarðminjum verður einkum vegna efnistöku en áformað er að opna sjö nýjar námur í Gilsárdal. Við það raskast jökulruðningur og aðrar jökulsetmyndanir. Fram kemur að almennt séu slíkar jarðmyndanir algengar og með lítið verndargildi en ekki kemur fram hvort gerð hafi verið sérstök úttekt á þeim jökulsetmyndunum sem verður raskað í Gilsárdal. Laus jarðlög og jarðgrunnur, hafa ekki sterka verndarstöðu í náttúruverndarlögum, en þrátt fyrir það eru þau mikilvægur hluti fyrir jöklunarsögu svæða og fyrir jarðsögu landsins. Þá eru landform lausra jarðlaga stór hluti af landslagi og með því að fjarlægja þau t.d. vegna efnistöku, breytist landslagið og ásýnd þess. Laus jarðlögum og landform sem hefur verið raskað er ekki hægt að endurheimta.

Ásýndaráhrif verða af efnistöku og frágangi við niðurgröft pípunnar. Mikilvægt er að vanda frágang til að draga úr slíkum ásýndaráhrifum.

Fjallað er um áhrif af skertu rennsli á fossa í Gilsá, en fossar falla undir ákvæði 61. greinar náttúruverndarlaga. Áhrifin eru umtalsverð og meðan virkjunin er í rekstri viðvarandi, en afturkræf ef virkjunin er lögð af. Almennt eru ásýndaáhrif af framkvæmdinni metin óveruleg þar sem svæðið er afskekkt og lykilmannvirki sjást ekki frá byggð. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir það en vill þó árétta að verið er að breyta ósnortnu umhverfi með mannvirkjagerð og áhrifin mjög sýnileg þegar á svæðið er komið.

Náttúrufræðistofnun telur heilt yfir að umfjöllun um framkvæmdina og umhverfisáhrif hennar sé vönduð í greinargerðinni og óvíst að mat á umhverfisáhrifum myndi bæta miklum upplýsingum við. Undantekning á því er umfjöllun um áhrif á fuglalíf og lífríki Gilsár (að laxfiskum undanskildum sem eru vel rannsakaðir í ánni) og telur Náttúrufræðistofnun að þörf sé á frekari athugunum til að leggja mat á það. Einnig ætti að fjalla betur um vöktun af áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Gilsár.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

**Móttakandi**

Skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is**Efni: Umsögn vegna greinagerðar varðandi matsskyldu
Gilsárvirkjunar**

Vísað er til erindis dagsett þann 5. október frá Skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda greinagerð um Gilsárvirkjun.

Í greinagerð kemur fram að nota eigi Gilsárteigsveg og nýta svo slóða sem liggur upp eftir dalnum. Gilsárteigsvegur er héraðsvegur. Brú er á Gilsárteigsvegi sem er aðeins 3 m breið og er 11,5 m löng.

Styrkja á slóða, þar sem hann er þegar til staðar og gera svo nýjan veg síðasta kílómetrin.

Vegagerðin bendir á Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Flutningar á þungum aðföngum gætu þurft sérstakt eftirlit og undanþágu. Bæði á það við um Gilsárteigsveg, brúna yfir Gilsá og aðra vegi sem aðföng eru flutt frá og að framkvæmdarsvæði.

Áður enn Vegagerðin getur tekið afstöðu til framkvæmdarinnar þarf að liggja fyrir tegund umferðar um vegakerfið sem og heildarþyngd ökutækja. Jafnframt er bent á að reikna þarf sérstaklega burðarþol brúar yfir Gilsá með þeim forsendum sem frá framkvæmdaraðila kemur um umfang og þyngd flutnings að framkvæmdarsvæði.

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Jón Valgeir Sveinsson

Deildarstjóri

Tæknideild Austursvæðis

16. október 2023

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir 6,7MW virkjun í Gilsá á Héraði

Með vísan í tölvupóst frá Skipulagsstofnun þann 5. október sl. hvar óskað var umsagnar HAUST um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Til umsagnar var greinargerð unnin af verkfræðistofunni Eflu dags. 22.9.2023.

Umsögn HAUST er unnin á grunni laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem á lögum byggja.

Í greinargerð kemur fram að ekki sé fyrirhugað að setja upp vinnubúðir í tengslum við framkvæmdina vegna nálægðar við Egilsstaði.

Í kafla 2.8 í greinargerðinni er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð, þar segir:

Heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir tímabundna vinnuaðstöðu skv. 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Vert er að taka fram að reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur hafi í för með sér mengun er brottfallinn. Sú reglugerð var felld brott með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Heilbrigðisnefnd veitir því starfsleyfi skv. 5 gr. reglugerðar nr. 550/2018 fyrir efnisnámi og landmótun, steypustöð, verktakaaðstöðu, o.fl.

Að lokum er bent á að ef mótuneyti og/eða vatnsveita verður sett upp í tengslum við framkvæmdina gilda ákvæði matvælalaga nr.93/1995 og slíkt er háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki aðrar athugasemdir við tillögu að matsáætlun eins og hún er framsett en gerir ráð fyrir að geta komið á framfæri athugasemdum, ábendingum og leiðbeiningum á síðari stigum.

Virðingafyllt



Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Síða 1 af 1

Skipulagsstofnun

10. október 2023
Mál: 2023-10-0299

Efni: Umsögn vegna matskyldu Gilsárvirkjunar á Héraði.

Skipulagsstofnun hefur leitað umsagnar Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu Gilsárvirkjunar á Héraði.

Áformað er að reisa vatnsaflsvirkjun í Gilsá á Héraði. Virkjað rennsli er um 3 m³/s og fallhæð er um 277 m og uppsett afl allt að 6,7 MW. Myndað verður 1,6 ha inntakslón og vatni veitt til virkjunar og frárennslis frá stöðvarhúsi verður um 6 km neðar í farveginum. Verður því verulega skert rennsli á þessum kafla. Gert er ráð fyrir að reist verði 12 m há jarðvegsstífla. Ráðgerð efnisþörf verði 600.000 m³. Efni til framkvæmda verði tekið úr nýjum námum nærri virkjunarsvæðinu.

Gilsá á upptök sín í Vesturdalsvatni og fellur í Unuós á Héraðssöndum. Neðri hluti vatnsfallsins heitir Selfljót. Áin er um 55 km löng og er fiskgeng frá sjó að Nykurfossum. Í ánni eru urriði, bleikja og lax. Seiðarannsóknir hafa farið fram á fiskgegnum svæðum árinna og hafa þær aðallega gefið bleikju og lax en einnig urriða (Ingi Rúnar Jónsson og Friðþjófur Árnason 2021). Helstu búsvæði laxaseiða í ánni eru í efri hluta árinna. Veiðifélag er um Gilsá og sér það um skipulag og sölu veiðileyfa. Í ánni veiðast bleikja, lax og urriði. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði á ófiskgengu svæði árinna. Ekki er vitað til þess að fiskur sé á því svæði.

Umsögn

Með Gilsárvirkjun verður vatni veitt allt að 6 km leið að stöðvarhúsi skammt ofan Nykurfossa. Þar verður því verulega skert rennsli á löngum kafla. Að vetrarlagi er gert ráð fyrir dægursveiflum í rennsli. Vatni verður þá safnað í inntakslón að næturlagi en veitt úr því til virkjunar að degi til. Við þessar aðstæður rennur ekkert vatn í gegnum virkjunina hluta sólarhringsins og við það skerðist rennsli alls staðar neðar í farveginum. Þessara dægursveiflna gætir því einnig á fiskgengum svæðum.

Niðurstaðan í umfjöllun um vatnalíf er þessi: „Áhrif á göngur laxfiska í Gilsá og stangveiði í ánni eru hverfandi ef nokkur. Sá kafla árinna sem verður fyrir skertu rennsli er ófiskgengur, grýttur og með litla frjósemi. Neikvæð áhrif Gilsárvirkjunar á fiskistofna, vatnalíf og veiði eru því talin óveruleg“ (Árni S. Sigurðsson o.fl. 2023).

Í umfjöllun um fuglalíf er gert ráð fyrir að skert rennsli hafi áhrif á botndýralíf sem geti haft áhrif á fæðu straumanda. Engar rannsóknir hafa farið fram á botndýralífi árinna og engar fiskrannsóknir hafa farið fram á ófiskgengum svæðum. Ekkert er fjallað um hvaða áhrif dægursveiflur í rennsli kunni að hafa á

vatnalíf, þ.m.t. seiðabúskap á fiskgengum svæðum. Ljóst er að neðan virkjunar verður rennsli óstöðugra og áhrifin geta verið langt niður eftir ánni. Hafrannsóknastofnun telur að gera þurfi mun betur grein fyrir þessum þáttum ásamt mótvægisáðgerðum. Stofnunin telur einnig að gera þurfi betur grein fyrir rennlisháttum í farvegum bæði neðan inntakslóns og á fiskgengum svæðum.

Í umfjöllun um virkjunina eru talin upp leyfi til framkvæmdanna, þar eru hins vegar ekki nefnd lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en í 18. gr. þeirra er fjallað um heimild Umhverfisstofnunar um breytingu á vatnshloti.

Heimildir

Árni S. Sigurðsson, Snævarr Örn Georgsson, Tryggvi Þór Logason 2023. Gilsárvirkjun á Héraði - 6,7 MW vatnsafsvirkjun. Greinarger með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Efla verkfræðistofa: 56 bls.

Ingi Rúnar Jónsson og Friðþjófur Árnason 2021. Fiskirannsóknir á vatnasviði Lagarfljóts og Gilsár 2020. Haf- og vatnarannsóknir, HV-2021-043: 41 bls.

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Magnús Jóhannsson